

## AUGLÝSING

174

9. ágúst

um breyting á reglugerð nr. 76 26. okt. 1928, um holræsagjald fyrir Hafnarfjarðarkaupstað.

Upphaf 4. gr. orðist svo:

Kostnaður við holræsagerð bæjarstjórnar greiðist úr bæjarsjóði, en til þess að standast útgjöld þau, er stafa af lagningu holræsanna, ber hverjum þeim, er hús á eða lóð við götu, veg eða opið svæði, sem holræsi hefur verið lagt í, að greiða árlega til bæjarsjóðs 4 af þúsundi af fasteignarmatsverði húss og lóðar, og enn fremur kr. 2.00 fyrir hvern metra lóðar, sem telst til hlutaðeigandi götu, vegar eða opins svæðis húsræismegin, hvort heldur er um framlóð eða baklóð að ræða.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

175

9. ágúst

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu Hafnarfjarðarkaupstaðar, nr. 191 5. okt. 1943.

3. gr. orðist svo:

Af öllum húsum, sem þannig er háttað, er segir í 2. gr., skal árlega greiða vatnsskatt, er nemi 1,5% — einn og hálfan af hundraði — af fasteignamatsverði hússanna.

Af húsum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, greiðist aukagjald 1‰ — einn af þúsundi — af fasteignamati árlega, ef aukagjaldið er ekki ákveðið sérstaklega samkvæmt 4. gr.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1950.*

F. h. r.

**Jónas Guðmundsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*